



Skógarvörðurinn á Norðurlandi Starfsskýrsla fyrir árið 2003



Sigurður Skúlason

1. VEÐURFAR ÁRSINS

1.1. Tíðarfarsyfirlit

Í janúar bar mest á sunnan og suðaustan áttum. Hámarkshiti mældist 7.3 stig, 10. janúar. Lágmarkshiti mældist –16,2 stig, 22. og 23. janúar. Meðalhiti í janúar var –2.76 stig. Snjór mældist á jörðu 19 daga í janúar, mest 46 cm, 25. janúar. Úrkoma í janúar var 66.6 mm, mest 11.8 mm, 17. janúar. Meðalvindhraði í janúar var 4.9 hnútar.

Í febrúar voru suðlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 11.9 stig, 18. febrúar. Lágmarkshiti mældist –14.9 stig, 5. febrúar. Meðalhiti í febrúar var 0.52 stig. Meðalsnjódýpt í febrúar var 35 cm., mest 46 cm, 4. febrúar. Úrkoma í febrúar var 66.3 mm, mest 18.7 mm, 20. febrúar. Meðalvindhraði í febrúar voru 8.0 hnútar. 2 glókollar sáu 4. febrúar.

Í mars voru suðlægar áttir ríkjandi. Hámarkshiti mældist 12.3 stig, 24. mars. Lágmarkshiti mældist –15.6 stig, 11. mars. Meðalhiti í mars var 1.57 stig. Snjór mældist á jörðu í 21 dag í mars, mest 12 cm, 10. mars. Úrkoma í mars var 49.0 mm, mest 20.0 mm, 6. mars. Meðalvindhraði í mars voru 7.5 hnútar.

Í apríl voru austlægar og suðlægar áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 17.7 stig, 18. apríl. Lágmarkshiti mældist –7.5 stig, 2. apríl. Meðalhiti í apríl var 4.44 stig. Snjór mældist á jörðu í 6 daga í apríl, en aldrei meira en 1 cm. Úrkoma í apríl var 15.5 mm, mest 3.4 mm, 12. apríl. Meðalvindhraði í apríl voru 6.0 hnútar. Skógarþröstur kominn 5. apríl. Gæsir komnar 7. apríl. Dúfa sást í skóginum 9. apríl. Hrossagaukur kominn 16. apríl. Lóan komin 17. apríl. Maríuerla komin 23. apríl og svanir sáu í allan vetur. Tún farin að grænka 21. apríl.

Í maí voru breytilegar áttir, en þó bar mest á norðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 19.8 stig, 16. maí. Lágmarkshiti mældist –8.7 stig, 5. maí. Meðalhiti í maí var 4.26 stig. Snjór mældist á jörðu 6 daga í maí, mest 6 cm., 3. maí. Úrkoma í maí voru 30.7 mm, mest 5.7 mm, 26. maí. Meðalvindhraði í maí voru 4.6 hnútar. Krían komin 13. maí og spóinn kominn 14. maí. Úthagi farinn að grænka 27. maí.

Í júní voru breytilegar áttir, en norðlægar áttir þó algengastar. Hámarkshiti mældist 21.6 stig, 28. júní. Lágmarkshiti mældist 2.7 stig, 9. og 22. júní. Meðalhiti í júní var 10.27 stig. Úrkoma í júní var 40.1 mm, mest 12.1 mm, 20. júní. Meðalvindhraði í júní voru 4.6 hnútar. Gránaði í fjöll 3. júní. Úthagi algrænn 8. júní. Sláttur hafinn í Fnjóskadal 21. júní.

Í júlí bar mest á hægviðri og norðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 23.3 stig, 17. júlí, sem var mesti hiti sem mældist á árinu. Lágmarkshiti mældist 4.2 stig, 11. júlí. Meðalhiti í júlí var 10.96 stig. Úrkoma í júlí var 65.8 mm, mest 14.7 mm, 4. júlí. Meðalvindhraði í júlí voru 3.6 hnútar.

Í ágúst voru breytilegar áttir og hægviðri. Hámarkshiti mældist 22.4 stig, 25. ágúst. Lágmarkshiti mældist –1.1 stig, 28. ágúst. Meðalhiti í ágúst var 11.72 stig. Úrkoma í ágúst var 57.0 mm, mest 21.4 stig, 21. ágúst. Meðalvindhraði í ágúst voru 3.1 hnútar. Venjulegum heyskap var víðast lokið 15. ágúst. Grasvöxtur var mikill og voru menn að slá tún fram í snjóa til að hreinsa þau.

Í september voru suðlægar áttir tíðastar, þó bar nokkuð á norðanátt. Hámarkshiti mældist 17.4 stig, 1. sept. Lágmarkshiti mældist -5.6 stig, 26. sept. Meðalhiti í sept var 6.32 stig. Snjór mældist á jörðu í 6 daga í sept., mest 6 cm, 18. sept. Úrkoma í sept var 52.3 mm, mest 14.4 mm, 22. sept. Meðalvindhraði í sept voru 6.5 hnútar. Um sölnun trjáa má lesa í kafla 2.1.

Í október voru hægviðri, sunnanáttir og norðaustlægar áttir til skiptist. Hámarkshiti mældist 15.3 stig, 26. okt. Lágmarkshiti mældist -9.3 stig, 11. okt. Meðalhiti í okt var 1.23 stig. Snjór mældist í 16 daga í okt. mest 28 cm, 31. okt. Úrkoma í okt var 63.7 mm, mest 12.5 mm, 31. okt. Meðalvindhraði í okt. voru 3.8 hnútar.



Í nóvember skiptust á norðanáttir og suðaustlægar áttir og hægviðri. Hámarkshiti mældist 11.0 stig, 7. nóv. Lágmarkshiti mældist -11.1 stig, 4. nóv. Meðalhiti í nóv. var -1.24 stig. Meðalsnjódýpt í nóv var 34 cm, mest 44 cm, 5. nóv. Úrkoma í nóv var 80.6 mm, mest 18.2 mm, 1. nóv. Meðalvindhraði í nóv var 3.2 hnútar.

Í desember var svipað veður og í nóvember, norðlægar-, suðaustlægar áttir og hægviðri. Hámarkshiti mældist 9.0 stig, 2. des. Lágmarkshiti mældist -18.6 stig, 29. des., sem var mesta frost sem mældist á árinu. Meðalhiti í des var -3.13 stig. Meðalsnjódýpt í des var 28 cm, mest 41 cm, 28. des. Úrkoma í des var 106 mm, mest 14.4 mm, 9. des. Meðalvindhraði í desember voru 4.5 hnútar.

1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 2002

	Meðalhiti C°		Úrkoma mm.	
Janúar	-2,76	(-2,25)	66,6	(118,8)
Febrúar	0,52	(-6,79)	66,3	(140,0)
Mars	1,57	(-4,08)	49,0	(51,1)
Apríl	4,44	(2,16)	15,5	(65,6)
Mái	4,26	(4,85)	30,7	(85,9)
Júní	10,27	(9,27)	40,1	(53,7)
Júlí	10,96	(10,13)	65,8	(36,2)
Ágúst	11,72	(9,15)	57,0	(56,8)
Sept.	6,32	(7,93)	52,3	(68,9)
Okt.	1,23	(2,24)	63,7	(78,6)
Nóv.	-1,24	(1,94)	80,6	(126,8)
Des.	-3,13	(1,03)	106,2	(14,5)
	3,68	(2,97)	693,8	(896,9)

Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 2002



1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní – sept var 9.82 stig, en var 9.12 stig sömu mánuði 2002.

1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sep

11,5	-1,5	18,5	-2,5	8,9	-0,3
12,5	-2,1	22,5	-1,8	11,9	-0,5
13,5	-6,6	23,5	-2,8	15,9	-3,3
14,5	-0,1	24,5	-2,7	16,9	-2,2
15,5	-2,8	25,5	-1,9	18,9	-1,0
16,5	-3,3	30,5	-3,6	19,9	-5,1
17,5	-2,1	28,8	-2,6		

1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig

25,6	20,5	18,7	22,5
26,6	21,3	4,8	20,2
27,6	21,2	9,8	21,0
28,6	21,6	25,8	22,4
17,7	23,3	31,8	20,1

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

2.1. Laufgun og lauffall

Brum á birki farið að þrútna 18. apríl, farið að sjást græn slikja á stöku trjám 6. maí og orðið alútsprungið 29. maí. Sölnun að byrja á birki 19. ágúst, en ekki var gott að sjá þetta vegna mikils ryðsvepps. Lauffall byrjað og sölnun áberandi 25. ágúst og mikið lauffall 4. sept. Birki algulnað 14. sept og orðið að mestu lauflaust 2. okt.

Lerki komið með græna slikju 18. apríl, hálfútsprungið 10. maí og orðið algrænt 20. maí. Lerki orðið algult 3. október.

2.2. Vöxtur

Vöxtur á trjágróðri var góður þetta ár, nema á birki, sem maðkur kom í snemma sumars og í smáplöntum af lerki, ösp og greni, sem skemmdust í frosti í maí.

2.3. Fræfall

Fræfall á birki var ekki mikið, en þó fræ á einstaka tré. Safnað var lítilsháttar í Vaglaskógi. Fræframleiðsla á lerki í fræhúsi gekk nokkuð vel og fengust tæp 5 kg. af fræi þetta ár.

2.4. Skaðar

Helstu skaðar á trjágróðri í umdæminu var mikill maðkur, tígulvefari, á birki fyrripart sumars og síðan ryðsveppur síðsumars. Það bar mest á þessu í Þingeyjarsýslum.

Skaðar vegna frosts í maí kom fram á fjallapin, greni, ösp og lerki. Ekki hefur þetta þó drepið nema einstaka tré.



Skaðar á birki í Vaglaskógi

3. STARFSFÓLK

Starfsfólk var svipað og síðustu ár, nema ekki var plöntusala í Laugabrekku í Skagafirði. Ekki var ráðið sumarfólk. Ráðskona á Vöglum yfir sumarmánuðina var Fríða Arnþórsdóttir. Verkstjóri og aðstoðarskógarvörður var Guðni Þ. Arnþórsson. Sigurpáll Jónsson var verkstjóri í skógi. Margrét Guðmundsdóttir sá um skrifstofuhald, bókhald, kortavinnu ofl. Guðrún Jónsdóttir var í gróðrarstöð og frærækt auk veðurtöku. Aðrir starfsmenn voru Benedikt Karlsson, Kristján Jónsson, Ingimundur Gunnarsson og Teitur Davíðsson. Starfsmenn voru 10 á launaskrá þegar flest var.

Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 23,349,229, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 6,346,711, dagpeningur kr. 567,575, akstur kr. 454,770, ASÍ laun kr. 15,980,173.

4. GIRÐINGAR

4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var ekki mikið þetta ár, líklega vegna snjólétts vetrar. Unnið var við að rífa gamlar girðingar í samstarfi við Landsvirkjun, sem lagði til 10 manna vinnuflokk, en þetta er verkefnið “Margar hendur vinna létt verk”. Hópurinn kom frá Reykjavík og var í eina viku. Rifnar voru girðingar í Þórðarstaðaskógi og girðing á Skógarmel, sem orðin var óþörf.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 730,265, sem skiptust þannig: Laun og launatengd gjöld kr. 598,583, alls 587 vinnustundir. Kostnaður við smölun var kr. 104,499, þar af kr. 90,000 í verktaka.

4.2. Nýgirðingar

Engar nýgirðingar voru girtar á árinu.



Benedikt Karlsson við skógarhögg í Vaglaskógi

5. SKÓGARHÖGG

5.1. Viður

Skógarhögg og grisjun var mest í Vaglaskógi og Þórðarstaðaskógi, en lítlsháttar á Vöglum á Þelamörk og í Reykjarhól.

Í **Vaglaskógi** var grisjað birki, stafafura, rauðgreni og hvítgreni í reitum 43, 88, 89, 107, 169, 280, 281, 310, 311 og 386. Grisjað var í trjásafni og umhverfi þess í reit 284. Tekið var efni í platta úr lerkireitum 239 og 292. Kjarrsagað var frá greni í reitum 88, 89, 168, 169 og 173. Ennfremur var kjarrsagað úr slóðum og gönguleiðum.

Í **Þórðarstaðaskógi** var grisjað birki í Lautaskógi upp með Þorleifsgili með ystu slóð og birki og rauðgreni milli efri og neðri vegar. Kjarrsagað var frá greni milli Þorleifsgils og Moldgils.

Á **Vöglum á Þelamörk** var grisjað lerki í reitum 153, 154, 161 og 164. Kjarrsagað var frá rauðgreni í reit 136.

Í **Reykjarhól** var grisjuð fura, greni, lerki og fleira, mest í reitum 29, 30, 31, 32, 33, 34 og 35.

Grisjað var í Reykjaskógi í Fnjóskadal í samstarfi við Norðurorku og sveitarfélagið Þingeyjarsveit. Grisjað var birki meðfram vegi sem var orðinn illfær. Töluvert af birki kom úr þessari grisjum, sem nýtt var í arinvið.

Felldur viður:

Birki	ca	105 tonn
Lerki	ca	10 tonn
Greni	ca	25 tonn
Fura	ca	35 tonn

5.1.1. Sala girðingarstaura

Engir girðingarstaurar voru seldir á árinu, en framleiddir voru 360 staurar til eigin nota.

5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir	3,650	pk	Beðkurl saltp.	88	m ³
Arinviður litlir	261	pk	Beðkurl pk	41	pk
Smíðaviður	199,9	m	Birkibök	4,5	m
Reykingaviður	1,067	kg	Eldiviður	11	m ³
Birkikurl/flís	3,825	kg	Viðarkol	59,5	kg
Plattar	4,826	stk			

5.1.3. Birgðir í árslok

Birki óunnið	ca	25 tonn	Plattar óheflað	2.065	stk
Greni óunnið	ca	20 tonn	Plattar heflað birki	425	stk
Fura óunnið	ca	30 tonn	Plattar heflað lerki	4.318	stk
Smíðaviður greni		22 m	Viðarkol	28	kg
Smíðaviður birki		195 m	Birkikurl/flís	1.250	kg
Smíðaviður lerki		60 m	Reykingarviður	840	kg
Smíðaviður fura		34 m	Staurar 5 fet	393	stk
Arinviður stórir		915 pk	Staurar 6 fet	738	stk
Arinviður litlir		87 pk	Eldiviður	15	m3

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 4,631 og laun og launatengd göld kr. 4,502,568.

5.2. Jólatré

Byrjað var að fella jólatré 11. nóvember og var fellt eftir þörfum fram í desember. Alls voru felld 267 tré.

	Rauðgr	Stafafura	Blágreni	Fjallap	Sitkagr	Samtals
Fellsskógur	3		2	6		11
Vaglaskógur	10	1	16	17	2	46
Vaglir Þelamörk	83	124	3			210
Alls	96	125	21	23	2	267

Seld tré

Stærð

	Rauðgr	Stafafura	Blágreni	Fjallap	Sitkagr	Samtals
Veggtré						
070-100				1		1
101-125	9	10	3	2		24
126-150	29	36	11	6		82
151-175	28	52	3	6		89
176-200	6	5	1	1		13
201-250	8					8
251-300	3	1				4
301-400	1			1		2
401-500	2				1	3
Alls	86	104	18	17	1	226

Laun og launatengd gjöld vegna töku og afhendingar jólatrjáa og greina var kr. 279,971, alls 244 vinnustundir, annar kostnaður kr. 2,918, alls kr. 282,889.

Tekjur skiptust þannig:

	Sala	Aðkeypt	Mismunur
Jólatré	542,107		542,107
Greinar	57,629		57,629
Samtals	599,736		599,736



Rauðgreni jólatré Vöglum á Þelamörk

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

Lítill starfsemi var í gróðrarstöðinni á Vöglum og engin í Laugabrekku síðasta ár. Búið er að loka gróðrarstöðinni í Laugabrekku. Töluvert erfðaefni er til á Vöglum og verður unnið að því næsta ár að koma því fyrir í safni og í skóglendum. 2 gróðurhús á Vöglum voru leigð Skógræktarfélagi Eyfirðinga yfir sumarmánuðina til framleiðslu á skógarplöntum.

6.1. Fræplöntur.

Sáð var í júní, birki, blágreni, rússalerki og stafafuru, aðeins nokkrir bakkar af hverri tegund.

6.2. Dreifsetning

Engum græðlingum var stungið 2003.

6.3. Garðplöntur

Pottaplöntur voru seldar fyrir kr. 702,263, beðplöntur voru seldar fyrir kr. 3,253 og afh. styrkir og millifærslur fyrir kr. 22,410. Engum sumargræðlingum var stungið, en pottaðar voru 255 plöntur. Seldar voru og afhentar 1,299 pottaplöntur og 355 beðplöntur og á lager til næsta árs eru 4,067 pottaplöntur.

6.4. Afhending skógplantna

Afhentar voru 37,027 fjölpottaplöntur úr gróðrarstöðvunum.

Seldar fjölpottaplöntur	851,346
Millif. og styrkir	108,231
Alls	959,577

6.5. Illgresiseyðing

Illgresiseyðing var svipuð og síðustu ár, sprautað með roundup opin svæði og umhverfi húsa.

6.6. Nýframkvæmdir

Engar nýframkvæmdir voru í gróðrarstöð þetta ár, aðeins unnið við nauðsynlegt viðhald, enda starfsemi ekki mikil.

6.8. Kostnaður

Vaglir	Kr.	Vinnust.
Afhending	163,222	167
Plöntuuppeldi almennt	141,992	92
Bakkaþvottur	201,022	222
Moldarfylling	13,034	14
Pottun	6,623	6
Stiklingar beðræktun	5,791	5
Umhirða	698,343	693
Upptaka	6,524	8
Verkstjórn	332,846	253
Vetrarumbúnaður	32,592	36
Viðhald	4,910	3
Kjarasamningagjöld	106,294	63
Alls	1,713,193	1,562

7. GRÓÐURSETNING

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjöldi

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr	Fjöldi	Reitur
Vaglir Þelam	Fjallapínur	4/0	Tuthsi lake	990012	539	307,308,309
	Rauðgreni	2/0	Hemnes	201001	2,120	310,313,322
					2,659	
Vaglaskógur	Fjallapínur	4/0	Tuthsi lake	990012	87	Fjallapintilr. Trjásafn
Belgsármelar	Rússalerki	1/0	Vaglir	49 afkvæma hópar	2.940	Í brekku að norðanverðu
Hálsmelar leiga	Rússalerki	1/0	Lassinmaa	M29000042	2,848	603
Tjaldsvæði	Viðja beð				310	15

Gróðursett var á Vöglum á Þelamörk 1. og 2. júlí, og borinn var áburður á þær plöntur. Þröstur Eysteinnsson sá um gróðursetningu á afkvæmahópum á Belgsármelum.

Laun og launatengd gjöld við gróðursetningu kr. 94.999, alls 109 vinnustundir.

8. HIRÐING PLANTNA

Unnið var við hirðingu plantna í eftirtöldum skóglendum:

Ásbyrgi	kr. 77,043	52 tímar
Grundarreitur	kr. 34,566	38 tímar
Kristnes	kr. 71,411	68 tímar
Reykjarhóll	kr. 34,636	35 tímar
Vaglaskógur	kr. 92,177	96 tímar
Vaglir Þelamörk	kr. 86,109	74 tímar

9. BYGGINGAR

Unnið var við nauðsynlegt viðhald á húseignum eftir þörfum, en það var ekki mikið, nema við endurnýjum á skolplögn frá starfsmannahúsi og skemmu og endurnýjuð var siturlögn við rotþró þar. Á haustdögum var unnið við að endurnýja og lagfæra vatnsból í Vaglaskógi, en við eftirlit Heilbrigðiseftirlits Norðausturlands kom í ljós að í því mældust of miklir gerlar, miðað við reglugerð. Ljúka þarf við það verk á næsta ári.

10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Aðeins var unnið við nauðsynlegt viðhald véla og bifreiða þetta ár. Skipt var um rekstrarleigubifreið á árinu. Skilað var Toyota bíl, sem leigður hefur verið síðustu 3 ár og tekinn á leigu Ford ranger bíll frá Brimborg. Keypt var notuð stór dráttarvél með ámoksturstækjum af Valmat gerð á kaupleigu til 3 ára. Breytir þetta miklu fyrir starfseminna



Valmat dráttarvél

11. NYTJASKÓGAR Á BÚJÖRÐUM

Norðurlandsskógar hafa nú tekið við þessu verkefni.

12. ÝMISLEGT

12.1. Fundir og ferðalög

Fundir og ferðalög voru þessi helst á árinu. Fundur um fjármál á Egilsstöðum, 8. janúar. Fór á Húsavík með Teit og starfsmönnum Norðurlandsskóga og skoðaði fyrirtækið Aldin, 14. janúar. Fór á fund Skógræktarverkefnanna og fl. í Reykjavík, 14. febrúar. Fundur hjá Iðntæknistofnun um viðarmál, 21. mars. Fór á aðalfund skógarbænda á Norðurlandi í Ljósveitingabúð, 5. apríl. Fór á 70 ára afmæli Skf. Skagfirðinga á Hótel Varmahlíð, 6. apríl. Starfsmannafundur á Vöglum með framkvæmdaráði, 11. apríl. Fór með Brynjari Skúlasyni um Skagafjörð og Austur Húnavatnssýslu í skoðunarferð, 8. maí. Fór austur í Egilsstaði með Brynjari á fund út af bæklingagerð, 11. júní. Fór í Skagafjörð til sýslumanns og garðyrkjustjóra, 23. júní. Fór með Sigurði Bergsteinssyni, minjaverði Norðausturlands, um skóga í Fnjóskadal, vegna fornminja, 24. júní. Fór í Ásbyrgi til að skrifa undir leigusamning milli SR og Umhverfisstofnunar, 28. júní. Aðalfundur Skf. Íslands í Varmahlíð, 22. – 23. ágúst. Fór austur í Egilsstaði ásamt Guðna Þorsteini og Teiti á námskeið í verkefnastjórnun, 2. –3. september. Fór á fund Landssambands skógarbænda í Fljótshlíð, 5. og 6. september. Fór á stjórnarfund í Kinnarfellssjóði í Ysta Fell, 14.

september. Fór í Ásbyrgi með Brynjari vegna lóðar við verzlun, 15. september. Fór í kynnisferð til Írlands á vegum Skf. Íslands, 27. sept. – 5. október. Fór um skóginn í Höfða í Mývatnssveit með Brynjari, vegna beiðni sveitarstjóra, 20. október. Fór á Selfoss og sótti efni til lagfæringa á Vatnsbóli, 25. – 26. október. Fór í Reykjarhól í Skagafirði vegna grisjunar þar, 3. nóvember og 5. nóvember. Fór austur í Egilsstaði með Margréti á námskeið í Arc View, 12. – 14. nóvember. Fór í Fossselsskóg með fulltrúa Skf. S-Þingeyinga vegna jólatrjáatöku, 15. nóvember. Fór á fund Próunarsviðs á Egilsstöðum ásamt Margréti, Guðna Þorsteini og Sigurpáli, 19. og 20. nóvember. Fór í Fellsskóg til að skoða grisjun á svæði Ysta Fells 2 með Teit, 28. nóvember. Fór suður í Borgarfjörð með arinvið og síðan til Reykjavíkur vegna útréttinga, 11. og 12. desember. Sat 2 stjórnarfundum hjá Skf. S-Þingeyinga og 8 stjórnarfundum hjá Norðurlandsskógum.

12.2. Ferðafólk

Tjaldsvæðið í Vaglaskógi var leigt Ferðapjónustunni í Vaglaskógi, en það eru að mestu sömu aðilar og hafa leigt það síðustu ár

Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 9.495, sem skiptust þannig eftir mánuðum: Í júní 1.898, í júlí 4.465 og í ágúst 3.132.

Tekjur af útivistarsvæðinu voru kr. 650.000. Laun og launatengd gjöld kr. 111,267, 120 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 141,822.

12.4. Annað

Fræræktin í Fræhúsinu á Vöglum gekk nokkuð vel þetta ár. Spírun á lerkifræi var nokkuð misjöfn. Gerðar voru tilraunir með frjónvgun, sem munu nýtast í framtíðinni. Af rússalerki fengust 4.365 gr, fjallalerki 94 gr, mýrarlerki 24 gr og sífjalerki 15 gr. Þröstur Eysteinnsson stjórnaði fræræktinni sem fyrr og hefur nánari upplýsingar um verkefnið.

10. bekkur Stórutjarnarskóla kom í heimsókn 20. mars og kynnti sér starfssemina.



10. bekkur Stórutjarnarskóla í fræhúsinu á Vöglum

Námskeið á vegum “Grænni skóga” var haldið á Vöglum 29. og 30. mars.
Skólabörn úr Mývatnssveit ásamt fulltrúa frá Landgræðslu ríkisins komu í kynnisferð í Vaglaskóg 27. mars.

Vinnuflokkur frá Landsvirkjun “Margar hendur vinna létt verk” komu vikuna 14. – 18. júlí og unnu við að fjarlægja gamlar girðingar.

Gestir á ráðstefnu erfðafræðinga, sem haldin var á Húsavík, kom í Vaglaskóg 29. júní og þáðu veitingar.

Móttaka var í Reykjarhólsskógi fyrir fulltrúa á aðalfundi Skf. Íslands, sem haldinn var í Varmahlíð, 23. ágúst, í samvinnu við Skf. Skagfirðinga.

Ég vil að lokum þakka öllu samstarfsfólki á landinu öllu, fyrir gott samstarf.

29. apríl 2004

Sigurður Skúlason, skógarvörður